



Húsafellsmýndir Ásgríms Jónssonar  
Verk í eigu Listasafns Íslands  
Sumarsýning Listasafnsins 2007

**Listasafn Reykjanesbæjar**

Skrifstofa: Tjarnargötu 12. Sími: 421-6700

Sýningarsalur: Duushúsum. Sími: 421-3796

[listasafn@reykjanesbaer.is](mailto:listasafn@reykjanesbaer.is)

[reykjanesbaer.is/listasafn](http://reykjanesbaer.is/listasafn)

## Efnisyfirlit

	<b>Forsaga</b>	
<b>1.</b>	<b>Hlutverk</b>	<b>bls. 4</b>
<b>2.</b>	<b>Safnkostur</b>	<b>bls. 6</b>
<b>3.</b>	<b>Sýningar</b>	<b>bls. 7</b>
<b>4.</b>	<b>Útgáfa og miðlun</b>	<b>bls. 15</b>
<b>5.</b>	<b>Rannsóknir</b>	<b>bls. 16</b>
<b>6.</b>	<b>Önnur verkefni</b>	<b>bls. 17</b>
<b>7.</b>	<b>Starfsfólk</b>	<b>bls. 18</b>
<b>8.</b>	<b>Rekstur</b>	<b>bls. 19</b>
	<b>Lokaorð</b>	

## *Forsaga*

Upphaf Listasafns Reykjaneshæjar má að nafninu til rekja til sameiningar sveitarfélaganna Njarðvíkur, Hafnahrepps og Keflavíkur árið 1994. Ekki var um eiginlegt listasafn að ræða heldur aðeins utanumhald á listaverkæign bæjarins og enginn starfsmaður sem hafði þetta verkefni alfarið á sinni hendi. Staða menningarfulltrúa var stofnuð hjá Reykjaneshæ 1. september árið 2000 og varð menningarfulltrúi þá um leið fyrsti starfsmaður bæjarfélagsins sem hafði það m.a. á verkefnaskrá sinni að sinna Listasafninu og vinna að framgangi þess. Í janúar 2003 var svo opnaður sýningarsalur í Duushúsum sérstaklega ætlaður Listasafninu og hefur sú ráðstöfun, ásamt sjálfstæðum fjárhag gert það að verkum að Listasafn Reykjaneshæjar er nú orðin sjálfstæð stofnun í bæjarfélaginu, eitt af þremur söfnum bæjarins. Á þessum tíma sem frá er liðinn hefur starfsfólki fjölgað, sýningarplássid verið aukið og bætt og fjárhagur eflst, m.a. með aðstoð Safnasjóðs.

Safnið á nú rúmlega 500 listaverk eftir ýmsa listamenn sem eru til sýnis við og í hinum ýmsu stofnunum bæjarins eða geymt í varðveisluhúsnaði safnsins. Einnig er nokkuð af verkum safnsins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar samkvæmt samningi sem undirritaður var árið 2006.



Aðal sýningarsvæði safnsins er í Duushúsum

## **1. Hlutverk**

Hlutverk Listasafns Reykjanesbæjar er að varðveita listaverk Reykjanesbæjar, safna nýjum verkum samkvæmt söfnunarstefnu, skrá verkin og rannsaka sögu þeirra og myndlistar á svæðinu og miðla þeirri þekkingu til heimamanna og annarra eftir bestu getu. Ný stofnskrá var samþykkt í 24. október 2007.

### **1. kafli**

#### **Um stjórnun safnsins og verkefni þess**

##### **1. gr.**

Listasafn Reykjanesbæjar er í eigu Reykjanesbæjar, heimili þess er í Reykjanesbæ. Menningarráð er stjórnarnefnd safnsins og gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun í málefnum þess og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn safnsins er að öðru leyti í höndum forstöðumanns safnsins. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlanir ár hvert.

##### **2. gr.**

Listasafn Reykjanesbæjar starfar í almannapágu, samkvæmt samþykktum bæjaryfirvalda og landslögum, s.s. safnalögum, lögum um flutning menningarverðmæta á milli landa.

##### **3. gr.**

Helstu verkefni Listasafns Reykjanesbæjar eru:

1. Að safna varðveita og skrá listgripi í eigu safnsins og í samræmi við söfnunarstefnu safnsins.
2. Að rannsaka og stuðla að rannsóknum eftir föngum á samtímalist og listiðkun heimamanna.
3. Að miðla myndlist með fjölbreyttu sýningahaldi, fyrirlestrum, leiðsögn, útgáfu og á vefnum.
4. Að vera ráðgefandi um meðhöndlun listaverka innan bæjarfélagsins.
5. Safnið sér um innkaup á listaverkum fyrir hönd bæjarins.

##### **4. gr.**

Safnið skal vera opið almenningi á auglýstum tímum

Safnið og starfsemi þess skal kynnt nemendum í skólum í samráði við skólayfirvöld í Reykjanesbæ. Einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í safninu eins og kostur er.

##### **5. gr.**

Ráðning forstöðumanns safnsins fer fram skv starfsmannastefnu Reykjanesbæjar. Forstöðumaður skal hafa sérfræðimenntun sem nýtist í starfi.

Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnsýslu safnsins, þar með talið fjármálum og starfsmannamálum. Hann ber ábyrgð á faglegum rekstri safnsins, vinnur að almennri stefnumótun til samþykktar hjá stjórnarnefnd safnsins og að listrænni stefnumótun með listráði safnsins.

6. gr.

Í listráði sitja auk forstöðumanns, tveir aðilar sem skulu hafa sérfræðimenntun á sviði myndlistar. Hlutverk ráðsins er að móta og framfylgja listrænni stefnu safnsins.

7. gr.

Um skiptingu höfundarréttar mynda skv Höfnundarlögum skal samið við rétthafa hverju sinni.

8. gr.

Safngripir safnsins skulu ætíð varðveittir í safninu á sýningum þess eða í tryggum geymslum á vegum þess. Forstöðumanni er heimilt að lána verk til sýninga í stofnunum Reykjanesbæjar. Eins er honum heimilt að lána verk til annarra viðurkenndra safna.

## **II. kafli**

### **Um aðföng og gjafir**

9. gr.

Forstöðumaður tekur ákvarðanir í samræmi við söfnunarstefnu safnsins um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.

10. gr.

Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup listaverka fyrir hönd bæjarins.

11. gr.

Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1985 með áorðnum breytingum.

## **III kafli**

### **Heimildir til samstarfs**

12. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag (eitt eða fleiri) við Listasafn Reykjanesbæjar. Skal aflafé þess sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna. Slíkt fé skal ekki dragast frá þeirri fjárhæð sem er árlega ætlað til starfsemi safnsins í fjárhagsáætlun bæjarins.

13. gr.

Forstöðumanni er heimilt að ganga til samstarfs við önnur söfn innanlands sem utan og/eða viðurkenndar stofnanir um málefni er varðar safnið.

## IV kafli

### Um stofneign, lokun safnsins og gildistíma

14. gr.

Skráð stofneign safnsins eru 244 listaverk úr eigu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafnahrepps.

15. gr.

Ef safnið verður lagt niður rennur safneign þess til Listasafns Íslands en aðrar eigur til bæjarins.

16. gr.

Stofnskrá þessi tekur gildi við samþykkt stjórnarnefndar safnsins. Heimilt er að endurskoða hana.

Samþykkt 24. október 2007

## 2. Safnkostur

Safnkosturinn telst allur skráður í þar til gerðan gagnagrunn. Gerður var nýr gagnagrunnur árið 2004 sem var svo endurbættur árið 2005 en ennþá eru ýmsir hnökrar. Þar má helst nefna að erfiðlega hefur gengið að afla fullnægjandi upplýsinga um gömlu verkeignina þ.e. þau verk sem voru í eigu gömlu bæjarfélaganna fyrir sameiningu 1994. Ekki var t.d. vitað hvenær og hvernig sum eldri verkanna bárust safninu. Áfram er þó unnið að því að fylla í götin og m.a. er búið að taka myndir af öllum verkum og skrá helstu upplýsingar í þennan gagnagrunn.

Safnkosturinn er afar fjölbreyttur, segja má að safnið eigi verk úr öllum helstu flokkunum. Markviss söfnun, þ.e. söfnun eftir söfnunarstefnu hefur þó ekki verið viðhöfð fyrr en frá og með árinu 2004 og tekur ávallt mið af því fjármagni sem hverju sinni er úthlutað til listaverkakaupa. Árið 2007 var 1 milljón króna til kaupa á verkum en einnig bárust safninu nokkur verk að gjöf. Má þar helst nefna glæsilegt verk eftir Gunnlaug Blöndal sem aðal styrktaraðili safnsins, Glitnir, færði safninu að gjöf í desember 2007. Þeir listamenn sem sýna í Listasalnum skilja einnig ávallt eftir verk til handa safninu. Safnaukinn 2007 samanstóð af 36 nýjum verkum, 24 fengust gefins og 12 voru keypt.

Söfnunarstefnan sem nú er unnið eftir var samþykkt í september árið 2003 og er í endurskoðun.

### 2.1. Söfnunarstefna:

1. Að efla listaverkæign safnsins svo hún gefi góða mynd af, annars vegar listamönnum svæðisins frá öllum tímum og hins vegar samtímalist á landinu öllu.
2. Að hvetja unga listamenn sérstaklega til dáða með kaupum á verkum þeirra.

3. Að safna úrvali verka úr Listaskóla barna í Reykjanesbæ.

### 3. *Sýningar*

#### **Sýningarstefna:**

1. að vera með fjölbreytt sýningarhald í sýningarsal listasafnsins í Duushúsum þar sem gerðar eru strangar listrænar kröfur sem miða að því að sýna ávallt það besta og framsæknasta hverju sinni og stuðla þannig að því að safnið verði sterkt afl í íslensku myndlistarlífi.
2. að vera vettvangur nýrra strauma í myndlist og stuðla að gagnrýnni skoðun á myndlist með ákveðnu sýningarhaldi, fyrirlestrum og útgáfu.
3. að styðja sérstaklega við listamenn af Suðurnesjum með sýningarhaldi og kynningum víðs vegar um bæinn.
4. að vera með a.m.k. eina sýningu árlega sem sérstaklega er hugsuð til að opna augu ungs fólks fyrir töfrum myndlistarinnar.

Samþykkt í september 2003

Sýningarhald er enn viðamesti liðurinn í starfsemi Listasafns Reykjanesbæjar og má telja það eðlilegt með stofnun sem er að sanna sig í samfélagi sem ekki hefur haft listasafn áður og því ekki allir sammála um hvort listasafn sé nauðsynleg stofnun. Safnið kom beint og óbeint að fjölda sýninga í bæjarfélaginu og hér verða nefndar þær helstu:

7 sýningar voru haldnar í Listasal, aðal sýningarsal safnsins í Duushúsum. Ein fastasýning úr safnkostinum er í Bíósal Duushúsa og 8 sýningar voru á vegum Suðsuðvesturs í húsnæði Listasafnsins að Hafnargötu 22. Starfsmenn safnsins aðstoðuð við sýningarhald áhugamanna á Ljósanótt (sjá nánar síðar).

#### **3.2. Sýningar í Listasal í Duushúsum**

7 sýningar voru haldnar í sýningarsal safnsins í Duushúsum. Við hverja sýningu var gefin út sýningarskrá og 800 - 1000 boðskort send út. Allar sýningarnar voru sérstaklega unnar með þennan sal og þetta tækifæri í huga. Leiðsögn listmanna var liður í öllum sýningunum og einnig var tekið skipulega á móti skólahópum og sérstakur safnkennari sem sá um þann þátt. Samstarfsaðilar, auk listamannanna sjálfra, voru helstir: Listasafn Íslands, Galleri NB Viborg og Byggðasafn Reykjanesbæjar.

#### **1. sýning 20. janúar – 4. mars**

*Twísýna - Samsýning Hlaðgerðar Írisar Björnsdóttur og Arons Reys Sverrissonar.*

Hjónin Hlaðgerður Íris Björnsdóttir og Aron Reyrr Sverrisson eru í senn ólík og samhent í myndlist sinni. Samhent eru þau að því leyti að bæði hafa þau valið sér að draga upp myndir af fólki og náttúru í anda raunsæisstefnu sem ekki hefur átt sér marga áhangendur á Íslandi, en úrvinnsla þeirra á þessum efnivið er býsna ólík. Hlaðgerður Íris málar myndir af börnum í blóma sakleysis, Aron Reyrr setur saman myndir af húsum og náttúru.

Við fyrstu sýn virðast verk þeirra svo gegnsæ, svo blátt áfram, að áhorfandinn freistast til að nota þau sem eins konar sýnisbækur grundvallarviðhorfa í allri myndlist. Þannig virðast verk Hlaðgerðar Írisar fela í sér hið hlutlæga viðhorf margra myndlistarmanna og ljósmyndara til viðfangsefnisins, að því leyti að börnin í þeim koma okkur fyrir sjónir nákvæmlega eins og þau “eru” í veruleikanum, að því er virðist án minnstu íhlutunar listamannsins. Flutningur viðfangsins frá veruleika yfir á striga gæti komið okkur fyrir sjónir sem aldeilis ópersónulegur, nánast eins og úrlausn á formrænum vanda.

Um leið erum við sennilega reiðubúin að álykta sem svo að dökkar, frjálslega málaðar myndir Arons Reyrs hljóti að falla undir hið persónulega – rómantíska – viðhorf, einkum og sérílagi eftir að listamaðurinn hefur upplýst að þær séu tilbúningur frá upphafi til enda, hluti af leit hans að eigin sýn og sjálfi.

En verk þeirra beggja eru öllu flóknari en þessi stuttaralega aðgreining gefur til kynna. Málverk Hlaðgerðar Írisar eru eins fjarri því að vera hlutlæg skýrslugerð og þau geta verið, heldur afrakstur heilmikillar ljósmyndavinnu, stöðugar endurskoðunar á myndbyggingu, tilfærslu á formum frá forgrunni til bakgrunns, endurmálunar smáatriða og ekki síst á svipbrigðum og augnsvip barnanna sem eru viðfangsefni hennar. Öll þessi vinna beinist að því að magna upp nærveru þeirra, fá þau til að endurspegla með fasi og augnaráði tilfinningalega dýpt sem heldur okkur hugföngnum, dýpt sem við færum örugglega á mis við í bláköldum “veruleika”.

Sömuleiðis tekst Aroni Reyri í myndum sínum að hrista upp í viðteknu viðhorfi okkar til rómantískrar tjáningar. Við erum ekki fyrr búin að afgreiða myndir hans sem heilber hugarfóstur, sérkennileg ljóðræn tilbrigði um 19 aldar táknhyggju, þegar við rekum augun í hvelfda gluggaumgjörðina utan um þær, eða það sem virðist vera gluggapóstar í lest eða flugvél við ytri mörk myndflatarins. Við þetta “effekt” fáum við á tilfinninguna að við séum á ferðalagi gegnum ímyndað landslag, svona líkt og Hringur Jóhannesson málaði “alvörulandslagið” út um bílglugga á leiðinni norður í land forðum daga. Sem hlýtur að vekja með manni undarlegar kenndir.

Á hinn bóginn velkjumst við ekki í vafa um myndir Arons Reyrs frá æskustöðvum hans í Kópavogi; þær sýna okkur fúnkíshús og ýmiss önnur ummerki ört vaxandi byggðar sem við þykjumst öll hafa séð á lífsleiðinni. Þegar gengið er á listamanninn viðurkennir hann hins vegar að þessar myndir séu jafn uppdiptaðar og landslagsmyndirnar.

Verk þeirra Hlaðgerðar Íris og Arons Reyrs þrífast á þessari víxlverkan hins þekkta og óþekkta, um leið og þau kasta á milli sín - og til okkar - spurningunni um náttúru hinnar hlutlægu listsýnar, hvort er hún spegill eða gluggi? Er hún fyrst og fremst sjálfsmynd eða gluggi út á við, tæki til að öðlast vitneskju um veröldina?

Aðalsteinn Ingólfsson

## **2. sýning      9. mars – 22. apríl**

***Thomas Andersson og Kári Svensson, samsýning.***

Á sýningunni í Listasafni Reykjanesbæjar mætast myndlistamaðurinn Kári Svensson og myndhöggvarinn Thomas Andersson. Sameining tveggja svo virtra og ólíkra listamanna er nánast óhugsandi en á sýningunni er samt gerð tilraun til að láta expressionistiskan málara undir áhrifum náttúrunnar og skapandi myndhöggvara sem er mannþekkjari, koma saman.



**Kári Svensson.** Á veggjunum hanga stór áhrifarík málverk, sem sýna með dýpt lita, stórum stökum og stórkostlegri tjáningu þau áhrif sem Kári verður fyrir þar sem hann stendur og horfir í vestur yfir Atlantshafið frá vinnustofu sinni sem stendur hátt í Færeyjum. Hann er listamaðurinn sem lifir í takt við náttúruna bæði á landi og sjó. Þegar þörfin gerir vart við sig fer hann gjarnan einn út á sjó til að veiða þorsk. Ekki bara nokkra þorska heldur bátsfylli í litla mótorbátnum. Því næst tekur hann stefnuna á Þórshöfn umkringdur himinháum öldum. Vegalengdin er alltaf nógu mikil til að hægt sé að gera að öllum fiskinum áður en komið er í höfn. Úrganginum er auðvitað kastað fyrir borð til fuglagers sem er á höttunum eftir hinu ríkulega magni ætis sem þeim er útteilt.

Það fer hinsvegar eftir árstíðum hvenær hægt er að sigla út í vestustu eyju Færeyja, Mykines sem hann dáiir svo mjög. Þessi afskekktu græna eyja sem er byggð fáu fólki en mörgu fé og fuglum, gefur nándinni við náttúruna hina miklu dýpt. Kári segir gjarnan frá hversu oft hann situr

á mjórri klettasyllu mörg hundruð metra yfir sjó til þess að veiða í háf sinn þá lunda sem svífa upp með klettaveggnum, heim í hreiður sín. Stundum fer hann með fámennum hópi manna út á bröttustu hamraveggina og þeir hjálpast að við að slaka eggjamanninum niður í hreiðrin sem staðsett eru á litlum útskotum í lóðréttum klettaveggnum mörg hundruð metra yfir haffletinum. Það er áhættusamt en bakgrunnur færeyskrar menningar og sögu, þar sem neyð og skortur á mat olli því að nauðsynlegt var að safna afurðum náttúrunnar, hefur gengið í erfðir inn í færeyskt nútímasamfélag. Í dag felst í því rómantík og allavega er þetta ekki lengur nauðsyn, en Kári getur ekki verið án upplifunarinnar og spennunnar í aðstæðum þar sem hann lifir lífinu til fulls á barmi hyldýpisins.

Það veitir meiri öryggiskennnd og er öðruvísi þegar fénu er smalað á haustin og fjórir menn slátra allt að 60 fjár í litla sláturhúsinu í Mykines. Það tekur vikutíma að safna og slátra þessum fjölda fjár sem nauðsynlegur er til að fylla hjallana og þá er til nægt skerpukjöt næsta árið, ekki eingöngu fyrir þá sjálfa heldur einnig fyrir fjölskyldu og vini.

Samanlagt fylla allar þessar upplifanir huga Kára Svenssons af löngun og krafti til að tjá sig í vinnustofunni. Inni í öryggi hennar lætur hann penslana túlka **stemninguna** frá hafinu og Mykinesi ásamt áhrifum af veðrinu sem hann **fylgist** með utan vinnustofunnar. Augnablik með þungum skýjum, snjó, rigningu, sudda og þegar sólin brýst fram, ljósinu, speglununum og þegar fuglum og fólki bregður fyrir. Málverkin túlka nærveru og sameiningu við náttúruna. Lífskjörin í Norður Atlantshafinu einkenna listamanninn og þar með málverkin.

Persónan Kári Svensson hefur mótast af færeysku þjóðinni. Hann er stórhuga, hann er í takt við náttúruna, hann er einstaklingurinn í samfélagi nándar og sameiningar. Og sem skynjandi listamanni tekst honum að túlka á léreftinu það sem margir kannast við og finnst vera í samræmi við eigin upplifanir.

**Thomas Andersson.** Thomas Andersson er einn þeirra sem unir sér vel með sjálfum sér. Þegar honum bauðst tækifæri fór hann ekki til Parísar heldur ögraði sjálfum sér í Kanadísku **eyðimörkinni**. Það einkennir líka vinnuaðferðir hans og efnisval. Hann sigrar ekki náttúruna heldur á við hana samtali í gegn-um stöðuga vinnu.

Það er frekar innihaldið en formið sem skiptir máli en röð stílbragða virðist endurtekin með mánaða eða ára millibili. Sjaldnast er um að ræða stórar uppstillingar eða tilgerðarlegar stellingar, í einstökum tilfellum þó góður skammtur af kímni, en oftast óræðar fragmentískar myndir út frá **andrúmsloftinu** - hinn viðkvæmi og nakti

maður. Höggmyndir hans hitta okkur í mark og fjalla oft um vandmeðfarin efni. Efni sem valda því að við þekkjum okkur sjálf í þeim. Þau endurspeglar hráan raunveruleikann. Um leið skynjum við leik með efni og tjáningu. Gleði við að gera hlutina sýnilega með fjölbreytileika í næsta minimalskri tjáningu. Það er hið þjálfaða auga og hið flókna ímyndunarafli sem hér er tjáð.

Allar höggmyndir hafa heiti sem eru góður grunnur fyrir skilninginn á þeim þeim sem hann fjallar um í þeim; gangandi maður, samræður, dómarnir, depurð, leifarnar af gömlum vini, trú og efi, meinlætamaður, sá sem skyggist víða, endalaust samtal o.s.frv.

Með kaldhæðni, hlýju og umhugsunarverðri myndni verður fundur okkar við höggmyndirnar **undirfurðulegur** og einhvernveginn eru þær í senn ögrandi og ugglasar í því hvernig þær tala til okkar.

Þegar hann tjáir með mjög einföldum hætti í höggmyndinni Ísak, hinn gríðarlega vanmátt sem birtist í fórn Ísaks, þar sem Abraham er skilyrðislaust skipað að fórna syni sínum fyrir Guð, þá tekst Thomas Andersson með höggmynd sinni að fylla okkur skilningi á aðstæðunum. Við komumst ekki hjá því að hugsa um: hvað myndi ég gera í þessum aðstæðum?

Allt annað er uppi á teningnum í höggmyndinni: Takk ég hef það gott. Með vissri kímni í spili milli heitisins og þess sem við sjáum í raun, skapar Thomas Andersson einfaldar og undarlegar aðstæður. Því hvernig getur makindalega liggjandi karlmannspersóna í hægindastól án undirstöðu verið svo afslappaður! Aðeins fætur persónunnar snerta undirstöðuna á meðan líkaminn hangir í lausu lofti. Maður hugsar að þetta geti aðeins farið úrskaiðis en það gerir það ekki því persónan trúir einmitt á að allt verði í lagi.

Kunnugleikinn í stytum hans höfðar til okkar. Þær reyna rétt eins og við að finna sér stað. Það er hægt að segja að meinlætamennirnir hafi fundið sinn stað, á meðan aðrir leita enn, eru stefnulausir eða alltaf á leiðinni. Þær sýna tjáningu sem veldur því að við viljum gjarnan setja okkur í samband við þær til að geta hjálpað.

Það tekur listræna hæfileika tíma að þroskast. Thomas Andersson virðist hafa notað árin í leiðinni til að

Thorkild Nielsen

### 3. sýning 27. apríl – 10. júní

#### *Vordagar – Hafsteinn Austmann*

Ekki eru þeir margir meðal vor, listmálararnir af eldri kynslóð, sem enn varðveita með sér drauma þess framsækna og mannbætandi módernisma sem vaknaði til lífs á nýjan leik í kjölfar heimstyrjaldar númer tvö. Þá virtist myndlistin vera ein leið til að græða sár og sameina nútímamenn undir merkjum formfegurðar, innra samræmis hlutanna og tilfinningalegs sannleika.

Einn þessara listmálara er Hafsteinn Austmann sem kornungur og óforvarendis hrærðist um tíma í yfirþyrmandi hringiðu þessarar hugsjónatengdu abstraklistar í henni París, í nánu samneyti jafnt við eldri listjöfra á borð við myndhöggvarann Zadkine sem unga oflátunga á borð við Yves Klein. Með kynni af þessum listamönnum í farteskinu, svo og ýmis áhrif frá málurum á borð við Magnelli, Herbin og Vasarely, sneri Hafsteinn heim til Íslands árið 1955. Þar varð hann virkur þátttakandi í róttækri endurskoðun íslensku abstraktlistarinnar seint á sjötta áratugnum.

Allar götur síðan hefur Hafsteinn unnið út frá þeim meginforsendum sem bestu menn gáfu sér á umræddu tímabili, en lagað þær stöðugt að þörfum sínum og kröfum samtímans.

Myndir Hafsteins, olíumálverk jafnt sem vatnslitamyndir, virðast ríkari af blæbrigðum tilfinninganna en flest annað sem flokkast undir myndlist í dag. Hins vegar tekur listamaðurinn áhorfendum sínum vara fyrir að tengja tilfinningar eða upplifanir sem kunna að slæðast inn í myndir hans við þann sem heldur um pentskúfinn; myndirnar séu honum tæki til að vinna sig frá upplifunum sínum, ekki til að velta sér upp úr þeim.

Markmið Hafsteins, fyrr og nú, er að búa til myndir sem hafa burði til að lifa sjálfstæðu lífi löngu eftir að hann er búinn að sleppa af þeim hendinni. Til þess þurfa þær að hafa sterk bein, síkvikan kjarna og öfluga nærveru. Þegar best lætur mynda þær veröld sem veitir fyrirheit um órofa samhengi hlutanna; mögulega heilun hins tæta nútímamanns.

Fyrir Suðurnesjabúa sætir þessi vorsýning á nýlegum verkum Hafsteins Austmann nokkrum tíðindum, þar sem þetta er í fyrsta sinn sem listamaðurinn sýnir í héraðinu. Ég er sannfærður um að heimamenn munu taka honum fagnandi.

Aðalsteinn Ingólfsson

#### 4. sýning 15. júní – 26. ágúst

##### *Húsafellsmyndir Ásgríms Jónssonar – Sýning frá Listasafni Íslands*

Listasafn Íslands á stærsta safn verka listmálarans Ásgríms Jónssonar (1876-1958). Sex árum fyrir andlát sitt, árið 1952, tilkynnti Ásgrímur íslenska ríkinu að hann hygðist gefa því allar eigur sínar eftir sinn dag. Listaverkagjöf Ásgríms var á sjöunda hundrað olíu- og vatnslitamyndir, bæði fullgerð og ófullgerð verk svo og húseign hans að Bergstaðastræti 74 í Reykjavík. Ásgrímur mælti svo fyrir í arfleðsluskrá sinni frá 1953 að gjöf hans yrði varðveitt í húsi hans þar til nýtt listasafn fengist byggt, þar sem verk hans hefðu nægt rými að gott yfirlit mætti fá um safn hans. Þegar Listasafn Íslands flutti árið 1987 úr Þjóðminjasafninu við Suðurgötu í nýtt húsnæði við Fríkirkjuveg 7, var Ásgrímssafn sameinað Listasafni Íslands.

Gjöf Ásgríms var einstaklega ríkuleg. Í henni eru verk frá öllum tímasteiðum hans svo hægt er að skoða list Ásgríms á heildstæðan hátt. Húsafellsmyndir Ásgríms eru ákveðinn þáttur í þessari safneign en Ásgrímur dvaldist mikið á Húsafelli í Borgarfirði til að mála. Þangað kom hann fyrst til sumardvalar árið 1915 og aftur sumurinn 1917 og 1919 og eftir það varð Húsafell sá staður sem Ásgrímur tók mest ástfóstri við og þar dvaldist hann reglulega á sumrin fram eftir ævi. Hann var ekki sá eini sem fann í náttúru Húsafells innblástur og þörf til að túlka umhverfið á strigann því þau Jón Stefánsson, Júlíana Sveinsdóttir og Muggur (Guðmundur Thorsteinsson) nutu öll gestrisni bóndahjónanna að Húsafelli snemma á þriðja áratug 20. aldar og máluðu þar myndir.

Orð Ásgríms sjálfs túlka hvað best þá upplifun og listrænu uppsprettu sem Ásgrímur sótti til náttúrunnar og landslagsins í Húsafelli:

*Húsafellsskógur er einnig harla sérkennilegur að svip og náttúru. Þar er ekkert líkt því, sem er í öðrum skógum. Hann er óvíða hávaxinn, en skógarsvörðurinn er ákaflega fallegur og merkilegur, og víða er þar*

*jöfnum höndum gras og mold, rauðgræn og gul á lit. En umfram allt eru trén þarna með geysisterkum persónueinkennum og mörg þeirra bera með sér að hafa háð langa og harða lífsbaráttu, sem sveigt hefur stofnana á undarlegustu vegu. Sum af þeim koma fyrir sjónir sem væru þau að láta yfirbugast af þjáningu, hrópuðu jafnvel á hjálp, og var þá oft heilmikið rauðleitt í stofninum, eða því líkt sem blætt hefði úr þeim. Önnur tré, ef til vill á næstu grösum, teygðu mjúklega úr öllum greinum og breiddu sig móti sól og birtu. Þetta minnti mig iðulega á hlutskipti fordæmdra og útvalda. Í skógarjöðrunum, þar sem lífsbaráttu trjánna gat að líta í einna skörpustu ljósi, mátti einnig sjá mörg fallegustu trén. Það var eins og ágengni sands og storma hefði stælt stofnana og gætt yfirbragð þeirra persónulegri reisu og myndugleik. Og fjölbreytnin var líka ótrúlega mikil. Það var engu líkara en að allar hugsanlegar „manngerðir“ ættu sér fulltrúa í þessum kostulega skógi og þess vegna var hægt að sækja þangað óþrjótandi fyrirmyndir.*

Harpa Þórsdóttir

## **5. sýning      31. ágúst – 14. okt.**

*Aftur – Einar Falur Ingólfsson*

### **Þriðja augað**

Þeir sem fara burt koma aldrei aftur til baka. Maður er rétt rúman hálf tíma að keyra frá Reykjavík til Keflavíkur, en það er samt miklu lengra á milli þessara staða, líklega einir þúsund kílómetrar. Yfir veðurharðar heiðar að fara, þeir teljast góðir sem komast á einum degi. Það eru til staðir á Íslandi sem búa yfir töfrum eða einhverjum kyngimætti. Ég nefni Ísafjörð, Höfn í Hornafirði, Borgarfjörð eystri. Umhverfið lyftir þeim upp í næstum goðsögulegar hæðir, þetta sambland af fjöllum og himni, samspil grjóts og himinbláa. Í gegnum árin hefur fólk notað ýmis orð til að lýsa Keflavík, bærinn hefur þó aldrei verið kallaður goðsögulegur, líklega hafa fáir sagt hann fallegan, og enn færri töfrandi. En enginn getur borið á móti því að staðurinn er einstakur. Það er stundum eins og bæjarlífið hérna og umhverfið sé eitt og hið sama. Einhver svipur mótaður af vindum og Ameríku, seltu hafsins og fótbolta; staður mótaður af himni sem virðist endalaus og vegi sem liggur annaðhvort til Reykjavíkur eða út á haf. Keflavík er, hvað sem hver segir, goðsögulegur bær. Hann er mikið sögusvið, óuppgötvað af skáldsagnahöfundum heimsins, svið ríkt af möguleikum, heimur ríkur af öfgum. Hér finnur maður fyrir horfnum Könum, sér bleik hús, finnur lykt af svörtu hrauni, heyrir óminn af hálfgleymdum rokklögum.

Einar Falur er fæddur og uppalinn í Keflavík. Hann er Keflvíkingur, maður finnur það einhvernvegin. Hann er einn þeirra sem fóru burt, og lengi vel var eins og hann kæmi aldrei aftur til baka. En jafnvel þótt þú farir út á heimsenda og finnur þar fyrir endalokum tímans, þá berðu bernskuheiminn alltaf innra með þér. Hann er rótin sem tengir þig við heiminn. Sá maður sem glatar bernskuslóðum sínum, glatar líkast til heiminum. Einar Falur fór til Reykjavíkur, þaðan til Bandaríkjanna og hefur síðan ferðast svo víða að maður væri næstum fljótari að telja þá staði sem hann hefur ekki heimsótt, en þá sem hann hefur sótt heim. Ég kynntist honum fyrst þegar við þvældumst báðir um ganga Fjölbrautaskólans fyrir rúmum tuttugu árum. Þá fóru sögur af þessum bókmenntahneigða bassaleikara í kolbrjálaðri pönkhljómsveit. En

hann var jafnframt náunginn sem var sífellt á þönunum á japönskum smábíl í leit að efni fyrir Morgunblaðið. Ég vissi að hann væri sjónþapur, og stóð af einhverjum ástæðum í þeirri meiningu að hann hefði misst framan af þremur fingrum og þessvegna þurft að leggja bassann á hilluna og taka upp myndavélina í staðinn. Sjónþapurð Einars Fals varð mér snemma umhugsunarefni, eða öllu heldur sú mótsögn sem fólst í því þegar hann bar myndavél upp að sjónþöpru auga og tók ljósmynd sem bar vitni um mjög skarpa sýn á veröldina.

Einar Falur er hugsandi ljósmyndari. Og lærður. Ramminn virðist fullskapaður í höfði hans þegar hann smellir af. Allt virðist hafa hlutverk innan rammans; kyrrstæður bíll, horn á húsi, rýmið fyrir ofan andlit. Einar Falur er markviss listamaður, meðvitaður í byggingu mynda sinna, eins og Gunnar Gunnarsson er í byggingu sagna sinna. Hann veit hvað hann vill, fálmar ekki tilviljunarkennt út í lofið og reynir síðan að ná áttum þegar hann framkallar myndirnar. Hann fangar augnablik, staði og birtu, dregur fram atriði sem við höfum ekki tekið eftir eða setur það í óvænt samhengi. Hann veitir okkur því ósjaldan nýja sýn á umhverfið.

Einar Falur hefur farið til Suður-Ameríku og Ástralíu, flúið undan ísbjörnum á Norðurheimskautinu og horft á hákarla á Inlandshafi. Og nú er hann kominn aftur til Keflavíkur, fullþroskaður listamaður sem beinir myndavélinni að bernskuslóðum sínum. Hvað sér hann? Hvað rammar hann inn? Sjáum við andrúm Keflavíkur í myndunum, finnum við fyrir minningum Einars Fals? Hvað gerist þegar tvennir tímar skerast í rammanum, sá liðni og sá sem er að líða? Það sem hefur gerst, og það sem er að gerast?

Þeir sem fara burt koma aldrei aftur til baka. Þetta er hárrétt, en samt hefur Einar Falur snúið aftur. Ekki þó með búslóðina, páfagauk og ketti og lykil að nýju heimili, heldur í leit að rótunum. Nei, líklega er þetta ekki beinlínis leit að rótunum, heldur frekar tilraun hans að tengja saman fortíð og nútíð með myndavélinni - sínu þriðja auga. Myndir Einar Fals eru tvennir tímar, þær eru á tveimur tilverusviðum. Hann lyftir myndavélinni og rammar inn skýran, margbrotinn heim, frystir andartakið en breytir því um leið í þúsund ár. Við sjáum bíla, körfuboltavöll, bakgarða, vita, kirkjugarð, andlit, en er ekki samt eins og við skynjum landslag minninganna einhverstaðar á bak við? Heyrum nið tímans? Hér mætast þroski og bernska. Horfin líf og lifandi augu. Þetta er glataður tími fundinn á ný. Eða með öðrum orðum: kjarni listarinnar. Hin vandasama, varasama og gefandi leit af því sem ekki er hægt að finna. Í gömlum bókum segir að það sé fyrst og fremst þessi leit sem skapi listina, og hugsanlega sjálfan tilganginn. Einar Falur er því á góðri leið. Við skulum leggja orðin til hliðar og virða myndirnar fyrir okkur.

Jón Kalmann Stefánsson

## **6. sýning 19. október – 2. desember.**

### **Björg Örvar**

#### **Kjarni málsins**

Form er innihald, innihald er form. Sem aldrei fyrr lýkst sá sannleikur upp fyrir tímanum. Efnisagnir eru upplýsinar í tómi leitandi að sinni samsvörun. Getum við talað um þrá efnisins? Náttúrulífsmálarinn Björg Örvar fjallar um kjarna málsins. Hið smæsta og hið stærsta. Alheim og öreind.

Í hugleiðsluástandi skynjum við stundum að innst inni erum við hið sama og umhverfi okkar, örsaga í því heildarverki, byggð því sama efni. Maður, jörð og alheimur eru

eitt. Engin skil: bleikar himnur og blóðugt æðaflos smýgur um dumb steinefni og vellur úr jarðargróðri, springur út í sólgosum.

Náttúrulífsmálarinn, sem önnur mannanna börn, hefur löngum verið svo flæktur í viðfang sitt að hann skynjar ekki þær menningalegu viðbætur sem hann hleður inn á myndir sínar. Áhrifamikil Landslagsmynd er í eðli sínu tískuteiknun og segir gjarnan meira um tímana og menninguna en náttúruna sjálfa.

Hér virðist gerð tilraun til náttúru á eigin forsendum, sem rúin er menningu. En mótsögnin gín við. Við nánari skoðun er sterk sögn í þessum myndum og þrátt fyrir tímalausan sannleika sem sögnin inniber er hún á sinn hátt menningarleg afurð. Að allt sé eitt, er niðurstaða helstu hugsuða heims. Hún er ekki ný en hér er hún studd nýjum rökum sem liggja í tímanum og myndmálið er ferskt og frumlegt.

Í þessum myndum er sýnin hugleiðslukennd en samt alltaf hérna megin. Fagurfræðin ögrandi, hangir á ystu nöf en fer ekki yfir mörkin. Hér fer stríðinn máleri. Á þessari sýningu er mætt til leiks rauð agressjón. Björg hefur fyrrum málað okkur græna mildi og blátt afskiptaleysi. Hvernig sem þessir litir kunna að hitta okkur fyrir eru þeir alltaf um það bil að breyta á límingunum en halda þó.

Það er erfitt að mæla Björgu hillupláss í stefnu-úrvali myndlistarheimsins. Hér dugir engin ættfærsla til þess er höfundurinn of sérsinna, þó að hann standi föstum fótum í hringiðunni miðri, dorgandi jafnt úr fagurbókmenntum, tónlist, vísindum og sjónrænum listum. Tilraunir hennar minna kannski helst á tilraunir sumra tónlistarmanna, þegar þeir fara inn í tóninn og bjaga hann fram á bjargbrún, til þess að finna mörkin á milli þess að vera tónn, eða bara hljóð.

Halldóra Thoroddsen

## **7. sýning      8. desember – 10. janúar**

### **Myndin í stofunni - Verk úr safneigninni**

Sú hefð hefur skapast í Listasafni Reykjanesbæjar að á jólasýningu hvers árs má sjá sýnishorn úr verkeign safnsins. Sýningin í ár var byggð á þessari venju en að þessu sinni bættust við verk frá Byggðasafni Reykjanesbæjar. Sýningin var því samstarf beggja safnanna og markmiðið að skapa stofustemmningu fyrri ára. Listasalurinn er mikið notaður til tónleikahalds í desember og ætlunin var að gestir upplifðu hlýtt og notalegt rými, einhvers konar afturhvarf til stofunnar hennar ömmu! Listasafnið sýndi gömul landslagsverk unnin í olíu eftir marga af okkar ástsælustu málurum og frá Byggðasafninu komu útsaumuð veggteppi og reflar eftir listakonur fyrri tíðar.

Eftirfarandi listamenn áttu málverk á sýningunni: Arinbjörn Þorvarðarson, Jón Gunnarsson, Jakob Hafstein, Pétur Friðrik, Jón Stefánsson, Gunnlaugur Blöndal, Ásgrímur Jónsson, Magnús Á. Árnason, Jóhannes S. Kjarval.

### **3.3. Föst sýning í Bíósal**

Í Bíósal Duushúsa er föst sýning úr safnkostinum. Þar má sjá landslagsverk unnin með olíu eftir eftirtalda málara: Jóhannes S. Kjarval, Ásgrím Jónsson, Gunnlaug Blöndal, Arinbjörn Þorvarðarson, Pétur Friðrik, Guðmund Karl og Eggert Guðmundson.

### 3.4. Sýningar í Suðsuðvestri

Samstarf sýningarrýmisins Suðsuðvesturs og Listasafns Reykjanesbæjar var haldið áfram á svipaðan hátt og verið hefur frá stofnun Suðsuðvesturs. Samkvæmt 2. grein sýningarstefnu Listasafnsins ber því að vera vettvangur nýrra strauma í myndlist og stuðla að gagnrýnni skoðun á myndlist með ákveðnu sýningahaldi, fyrirlestrum og útgáfu. Sýningarrýmið Suðsuðvestur var opnað í byrjun árs 2005 í húsnæði Listasafnsins að Hafnargötu 22. Sýningarrýminu er ætlað að vera opinn vettvangur fyrir myndlistarfólk sem vinnur að listsköpun á rannsakandi hátt. Sérstök 3ja manna listræn stjórn ræður sýningum í Suðsuðvestri og formaður hennar er Inga Þórey Jóhannsdóttir myndlistamaður en hún situr jafnframt í listráði Listasafnsins. Listasafn Reykjanesbæjar ber ábyrgð á rekstrinum s.s. húsnæði og starfsfólki. Hefur samstarfið gengið vel og er þetta veruleg viðbót við listalíf Reykjanesbæjar og samtímalist á Íslandi til framdráttar. Vefur sýningarrýmisins er: [sudsudvestur.is](http://sudsudvestur.is)

Þeir listamenn sem sýndu árið 2007 í Suðsuðvestri voru: Guðný Rósa Ingimarsdóttir, Kristinn G. Harðarson, Unnar Örn Auðarson Jónasson, Birgir Snæbjörn Birgisson, JBK Ransu, Þuríður Sigurðardóttir, Snorri Ásmundsson, Andrea Maack, Serge Comte, Unnur Mjöll S. Leifsdóttir, Hye Joung Park og Karl Ómarsson.

### 3.5. Aðrar sýningar

Sýningarstefna safnsins gerir ráð fyrir aðkomu safnsins að sýningarhaldi annars staðar í bæjarfélaginu en í föstu sýningarhúsnæði safnsins. Þessi aðstoð fer fram með ýmsum hætti og á ýmsum tímum t.d. við útvegum á sýningarhúsnæði, aðstoð við hönnun og prentun bæklinga og boðskorta, aðstoð við styrkumsóknir, kynningu til fjölmiðla, o.s.frv. Mesti annatíminn er í kringum Ljósanótt en þá er allt laust húsnæði notað fyrir alls kyns sýningar. Á Ljósanótt 2007 voru 45 skráðar myndlistarsýningar, þar af 7 sem tengdust handverki og hönnun, 8 ljósmyndasýningar o.s.frv. Alls sýndu 163 listamenn verk sín á Ljósanótt og þar af a.m.k. 140 heimamenn en einnig komu listamenn með sýningar frá Færeyjum, Noregi, Grikklandi, Bandaríkjunum og fleiri stöðum. Starfsmenn safnsins komu misjafnlega mikið að undirbúningi þessara sýninga en þó eitthvað að vel flestum.

## 4. Útgáfa og miðlun

### 4.1. Prentun

Listasafnið gaf út fjóra 36 síðna bæklinga og þrjár styttri sýningarskrár í tengslum við sýningar í Listasal í Duushúsum. Í hverjum bæklingi er gerð grein fyrir viðkomandi listamanni /mönnum og verkum hans / þeirra. Listfræðingur (eða annar fagmaður) er fenginn til að skrifa texta um sýninguna og er textinn þýddur og birtur bæði á íslensku og ensku og í einu tilfelli líka á dönsku. Eftirtaldir aðilar skrifuðu textana þetta árið voru: Aðalsteinn Ingólfsson, Harpa Þórsdóttir, Halldóra Thoroddsen, Jón Kalmann Stefánsson, Thorkild Nielsen. Myndir eru allar í lit, teknar af ljósmyndurum og bæklingarnir hannaðir og prentaðir í Grágás.

Kostnaður við þessa útgáfu er u.þ.b. kr. 600.000 á hvern bækling, prentun, textavinna, ljósmyndir o.fl. og hefur safnið notið stuðnings fyrirtækja hér í bæ til að greiða þann kostnað. Eftirfarandi fyrirtæki skipuðu hóp vildarvina Listasafns Reykjanesbæjar árið 2007: Glitnir, Flugstöð Leifs Eiríksonar og Sparisjóðurinn í Keflavík. Prentuð eru 500 eintök af bæklingnum og fær listamaðurinn í sínar hendur 250 eintök af bæklingi/sýningarskrá sem hann getur þá notað til kynningar en skilur á móti eftir verk sem þá bætist við safnkost Listasafnsins. Þannig njóta báðir aðilar nokkurs.

## **4.2. Vefurinn**

Vefur Listasafns Reykjanesbæjar var opnaður í desember 2004. Meginefni vefsins eru upplýsingar um safnið sjálft, safneignina og svo þær sýningar sem eru í Listasalnum en þær eru í raun einu sýningarnar sem auglýstar eru í nafni safnsins þó svo að safnið komi að sýningum á öðrum stöðum eins og komið hefur fram áður. Slóðin er reykjanesbaer.is/listasafn. Vefurinn hefur verið unninn m.a. fyrir styrk sem fengist hefur frá Safnasjóði og verkefnastyrkurinn 2007 fór m.a. í að byrja að setja inn texta um sýningarnar á ensku. Vefurinn er alltaf í endurskoðun og vonir standa til að hann verði efnismeiri þegar fram líða stundir.

## **5. Rannsóknir / Safnkennsla**

### **5.1. Skráning safnkosts**

Safnkosturinn telst fullskráður í þar til gerðan gagnagrunn, þ.e. ef frá eru talin nokkur verk frá síðasta ári. Það hefur þó komið í ljós að ýmsir hnökrar leynast í skráningunni og er þar helst um að kenna að ekki lágu fyrir nógu haldgóðar upplýsingar um verkeignina frá því fyrir sameiningu. Verkefninu er því ekki lokið þó öll safneignin teljist formlega fullskráð. Leitað er fyllri upplýsinga um verkin og þær skráðar jafn óðum. Til eru tölvutækar myndir af allum verkum og eru þær aðgegnilegar í gagnagrunninum.

### **5.2. Söfnun heimilda**

Áfram er unnið að söfnun heimilda sem tengjast myndlist á Suðurnesjum og m.a. barst safninu að gjöf fjöldi sýningarskráa frá sýningum sem haldnar voru á 6. og 7. tug síðustu aldar. Þarna fæst gott yfirlit m.a. yfir myndlistarsýningar sem haldnar hafa verið í bænum og þá um leið þá myndlistarhópa og einstaklinga sem starfað hafa á svæðinu. Einnig er unnið að viðtölum við þessa sömu aðila og á síðasta ári var keypt nýtt upptökutæki til að auðvelda vinnuna. Út frá þessum heimildum verður auðveldara að rita sögu myndlistar á Reykjanesi þegar þar að kemur. Í viðtölunum bætist einnig mikil vitneskja í gagnagrunn safnkostsins því oft eru þetta sömu einstaklingar og safnið á verk eftir. Vegna skorts á starfsfólki bíður nánari úrvinnsla á þessu verkefni.



### 5.3. Safnkennsla

Móttaka skólahópa á Listasafnið hefur lengi verið fastur liður í starfi safnsins og myndlistarkennarar svæðisins hafa tekið þessari nýjung í myndmenntakennslu hér í bæ opnum örmum. Við opnun sýninga eru send kynningarbréf í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, grunnskólana sex og leikskólana 9 þar sem boð í safnið er áréttað. Í ágúst 2006 var ráðinn safnakennari við Listasafnið, Thelma Björk Jóhannesdóttir og þá í 50 % stöðu sem varð 100 % staða 1. janúar 2007. Eftir að hún kom til starfa hefur hún alfarið séð um móttöku nemenda og verkefnagerð tengdum heimsóknunum. Hún heimsótti m.a. alla grunnskólana haustið 2007 til að kynna þessa þjónustu enn frekar. Hefur þessari þjónustu verið vel tekið og góð verkefni unnin. Verður þessari vinnu framhaldið í góðri samvinnu við myndmenntakennara í bænum.

## 6. Önnur verkefni

### 6.1. Listaskóli barna

Listasafnið sér um rekstur Listaskóla barna sem rekinn er á sumrin í Reykjanesbæ til mótvægis við Íþróttaskóla barna. Þáttur safnsins felst einkum í að móta hugmyndafræði skólans, faglegru umsjón og ráðningu kennara. Haldin voru tvö þriggja vikna námskeið fyrir börn á aldrinum 6-12 ára og var fullt á báðum námskeiðum þ.e. alls 80 börn. Tveir kennarar sáu um kennsluna þetta árið, myndmenntakennarinn Thelma Björk Jóhannesdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir BA í leiklist frá The ArtsEducational í London. Í Listaskólanum er hinum ýmsu listgreinum fléttað saman og lauk báðum námskeiðunum með listahátíð þar sem haldnar voru myndlistarsýningar og leikverk sett upp. Kennt var á tveimur stöðum í bænum, Svarta pakkhúsinu og Frumleikhúsinu. Í Svarta pakkhúsinu var lögð áhersla á myndræna tjáningu á fjölbreytilegan hátt en í Frumleikhúsinu var leikræna tjáningin hins vegar í fyrirrúmi. Einnig var farið víða um bæinn og leitað fanga til listrænnar sköpunar. Söfnin voru heimsótt, styttur bæjarins skoðaðar og farið var á nokkra staði sem eru merkilegir út frá sögu- eða menningarlegu sjónarhorni, þar var bæði stuðst við sanna atburði og einnig þjóðsögur svæðisins.

Listaskóli barna hefur fest sig í sessi og síðasta sumar komust færri að en vildu og því nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að hægt sé að fjölga nemendum. Einnig hefur komið fram ósk að Listaskólinn sé ekki aðeins á sumrin heldur verði með námskeið á vetunra líka. Þetta er allt í athugun.

### 6.2. Gallerírekstur

Listasafnið styður hópa áhugafólks við rekstur á tveimur galleríum. Annars vegar er það gallerí í Svarta pakkhúsinu í samstarfi við Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ og hins vegar gallerí í Fishersbúð í samstarfi við handverksfólk. Sú breyting hefur orðið frá 2005 að galleríin eru nú opin allt árið. Þarna geta listamenn og handverksfólk í Reykjanesbæ og nágrenni komið með verk sín og gestir geta keypt

eða skoðað. Þetta hefur verið hugsað sem liður í menningartengdri ferðaþjónustu. Listasafnið kemur nú orðið aðallega að þessu verkefni sem ráðgefandi aðili og sér um rekstur húsnæðisins og kynningarmál.

### **6.3. Móttökur og tónleikar**

Listasalurinn í Duushúsum er aðal móttökustaður bæjarstjórnar. Þessi liður í starfseminni verður sífellt viðameiri og gott að vita til þess að listin skuli vera svo eftirsóknarverð þegar bæjarfélagið vill sýna sitt besta. Einnig er fjöldi tónleika haldinn í Listasal og Bíosal Duushúsa.

### **6.4. Listaverk í Flugstöð Leifs Eiríkssonar**

Samningur milli Listasafnsins og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar var undirritaður í október 2006 og endurnýjaður í október 2007. Þar tekur safnið að sér að kynna íslenska myndlist í komurými flugfarþega ásamt því að setja upp listaverk í skrifstofurými byggingarinnar. Ákveðið var að verkin í komurýminu tengist sýningum í Listasalnum þegar við á og þannig fær viðkomandi listamaður kynningu á báðum stöðum. Þess utan eru þar kynnt verk annarra íslenskra myndlistarmanna, verk sem eru í eigu safnsins.

## **7. Starfsfólk**

### **Fastráðið starfsfólk:**

1. Valgerður Guðmundsdóttir skipar stöðu forstöðumanns Listasafns Reykjansbæjar í 50 % stöðuhlutfalli á móti menningarfulltrúastöðunni. Hennar laun eru tekin af bókhaldslykli menningarfulltrúa.
2. Guðmundur Ingi Hildisson. Umsjónarmaður 100 % staða.
3. Thelma Björk Jóhannesdóttir. Safnafulltrúi / safnkennari 100 % staða.

### **Lausráðið starfsfólk**

4. Smári Ketilsson. Hlutastarf við safnvörslu í Duushúsum og Suðsuðvestri.
5. Pálmi Ketilsson. Hlutastarf við safnvörslu í Duushúsum og Suðsuðvestri.
6. Guðrún Elín Sindradóttir. Hlutastarf við safnvörslu í Suðsuðvestri.
7. Árný Rós Böðvarsdóttir. Hlutastarf við safnvörslu í Suðsuðvestri.

### **Verkefnaráðið fólk**

8. Sólveig Guðmundsdóttir í 100 % stöðu frá 1. júní til 1. ágúst við Listaskólann
9. Aðalsteinn Ingólfsson situr í listráði safnsins og tekur að sér sýningarstjórn.
10. Inga Þórey Jóhannesdóttir situr í listráði safnsins og tekur að sér sýningarstjórn.

Að auki hefur Björn Ragnarsson starfsmaður Byggyasafnsins aðstoðað við uppsetningu sýninga og afkleysingar við safnvörslu.

## 8. *Rekstur*

### 8.1. **Rekstur / styrkir**

Heildarvelta safnsins samkvæmt fjárhagsáætlun 2007 var kr. 28.656.000 og greiðist að mestu af Reykjanesbæ. Laun og launatengd gjöld eru u.þ.b. helmingur þessarar fjárhæðar, þ.e. 15.307.000. Þess má þó geta að þessi fjárhæð kemur út af fjórum bókhaldslyklum, laun forstöðumanns af lykli menningarfulltrúa, rekstur safnahússins af lykli Duushúsa (en Listasafnið er rekstraraðili húsanna) og annað af lykli Listasafnins og séstökum lykli listaverka. Styrkur úr Safnasjóði var kr. 1.800.000 og styrkir frá öðrum kr. 1.750.000. Gerður var samningur við Flugstöð Leifs Eiríkssonar þar sem safnið tók að sér að kynna íslenska list með því að setja listaverk í Flugstöðina, bæði í móttökurými og skrifstofurými og fékk safnið greitt fyrir þá þjónustu kr. 1.000.000. Einnig var gerður samningur við Glitni þar sem Glitnir greiðir aðgangseyri fyrir gesti og fékkst þar önnur milljón. Úr Manngildissjóði Reykjanesbæjar kom 1.000.000 í Listaverkasjóð til listaverkakaupa og er sá sjóður á sérstökum listaverkalykli í umsjá Listasafnsins. Opnunartími Duushúsanna árið 2007 var frá kl. 13.00 – 17.30 alla daga nema stórhátíðadaga.

### 8.2. **Gestir**

Listasafnið er eins og áður segir rekstraraðili Duushúsa. Þar hefur gestafjöldi aukist um 25 % á árinu 2007 og má án efa þakka þá aukningu að hluta samingi safnsins og Glitnis um ókeypis aðgang að sýningunum. Við viljum þó einnig halda því fram að áhugaverðar sýningar hafi gert sitt til að fjölga gestakomum. Athyglisvert er að erlendum gestum yfir sumarið hefur fjölgað talsvert.

Mánuður	2007	2006	Breyting milli ára
Janúar	993	783	27%
Febrúar	892	752	19%
Mars	1.520	1.130	35%
Apríl	1.214	1.001	21%
Maí	3.041	2.612	16%
Júní	2.069	1.770	17%
Júlí	1.650	783	111%
Ágúst	4.585	1.357	238%
September	14.935	14.326	4%
Október	2.365	1.649	43%
Nóvember	1.829	1.385	32%
Desember	2.015	2.092	-4%
<b>Samtals</b>	<b>37.108</b>	<b>29.640</b>	<b>25%</b>

## **Lokaorð**

Listasafn Reykjanesbæjar er sennilega eitt yngsta listsafn landsins, eiginleg safnastarfsemi hófst ekki fyrr en árið 2003. Stofnskráin sem þá var samþykkt hefur nú verið endurskoðuð og sýningarstefna og söfnunarstefna eru í endurskoðun. Unnin hefur verið stefnumótun til ársins 2010 sem gengur út á að treysta faglegan grundvöll safnastarfsins með það í huga að efla myndlistarlíf á Suðurnesjum um leið og við viljum setja okkar mark á myndlistarumræðu á landsvísu.

Listasafn Reykjanesbæjar er eina listasafnið á Suðurnesjum og skipar því stórt hlutverk í menningarlífi svæðisins. Sýningarþátturinn er ennþá viðamestur í starfsemi safnsins og ástæðuna til þess má rekja til tveggja þátta. Annars vegar er nauðsynlegt fyrir nýja stofnun að vekja sem mesta athygli á sér og þá eru sýningarnar auðveldasti kosturinn og hins vegar að rannsóknarþátturinn krefst fleiri fagmenntaðra starfsmanna og aðstöðu sem er ekki enn fyrir hendi hjá Listasafni Reykjanesbæjar. Unnið er að lausn þeirra mála og talsvert hefur áorkast á þessum stutta tíma. Starfsmönnum hefur fjölgað, sýningaraðstaða stækkað og batnað og rekstargrundvöllur safnsins hefur verið tryggður.

Bjartsýni ríkir á Listasafni Reykjanesbæjar og tilhlökkun til nýrra verkefna.

**Reykjanesbæ 10. janúar 2008**

**Valgerður Guðmundsdóttir**  
**Forstöðumaður Listasafns Reykjanesbæjar**

